Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. 0.0 K/S 22.02.17
Ábm.
Svfr.
Afgr. ( )Bréf ( )St.
Lvm.
Trm.

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Minjavörður Suðurlands

Bankavegur
800 Selfoss

(354) 570 13 16
(354) 898 88 52

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

**Uggi Ævarsson**
Minjavörður
uggi@minjastofnun.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Dalbraut 12
801 Selfoss

21. febrúar 2017
*MÍ*201702-0100/ 6.09 / U.Æ.

**Efni: Arngrímslundur í landi Skarðs**

Minjastofnun Íslands barst umsagnarbeiðni vegna deiliskipulags í landi Skarðs 1 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Minjavörður Suðurlands fór á vettvang og hitti landeiganda þann 15. febrúar 2017. Fyrirhugað er að reisa 2 – 3 smáhýsi við læk þar sem tré hafa verið gróðursett. Lækurinn er nokkuð niðurgrafinn. Í norðurbakkanum – talsvert frá læknum – eru ummerki þess að kofi hafi verið grafinn inni í bakkann. Á nokkurra metra kafla þar norðaustan við sér fyrir veggstubb sem liggur eftir bakkanum. Minjar þessar eru töluvert frá fyrirhuguðum framkvæmdum. Landeigandi er meðvitaður um minjarnar og mun ekki hreyfa við þeim nema að höfðu samráði við minjavörð sem mun þá hugsanlega leggja til mótvægisaðgerðir. Minjavörður gerir ekki aðrar athugasemdir við skipulagið.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Uggi Ævarsson
Minjavörður

*Afrit sent: Skipulagsstofnun*
*@: petur@sudurland.is*
*@: sus9@hi.is*

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*